**Reitir I ehf.**, Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, kt. 510907-0940;

**Reitir II ehf.**, Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, kt. 670492-2069;

**Reitir III ehf.**, Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, kt. 700498-2049;

**Reitir IV ehf.**, Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, kt. 430400-3390;

**Reitir V ehf.**, Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, kt. 681204-2290;

**Reitir VI ehf.**, Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, kt. 640806-1170;

**Reitir VII ehf.**, Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, kt. 690310-0900;

**Reitir VIII ehf.**, Kringlan 4-12, 103 Reykjavík, kt. 610200-3540;

og

**Íslög ehf.** og **PricewaterhouseCoopers ehf.** saman sem umboðsmaður (ásamt þeim sem taka við sem slíkir í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulags sem vísað er til að neðan, (“**Veðgæsluáðili**”) fyrir hvern tryggðan lánardrottinn (eins og þeir eru skilgreindir að neðan).

Reitir fasteignafélag hf., Reitir I ehf., Reitir II ehf., Reitir III ehf., Reitir IV ehf., Reitir V ehf., Reitir VI ehf., Reitir VII ehf. og Reitir VIII ehf. eru hér eftir nefndir saman “**veðsalar**”.

### INNGANGUR:

- (A) Lántaki hefur farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu þar sem flestar núverandi skuldir Lántaka og dótturfélaga hans eru endurfjármagnaðar með nýjum lánum til Lántaka (móðurfélagsins) og útgáfu skráðra skuldabréfa sem og nýrra hluta af hálfu Lántaka.
- (B) Til að veita bæði lánveitanda undir lánasamningunum (sem og síðari lánveitendum, ef við á) og skuldabréfaeigendum sömu tryggingar fyrir kröfum sínum á hendur Lántaka, hafa veðsalarir gengist undir tryggingabréf þetta og veðhafasamkomulag (eins og skilgreint hér fyrir neðan) þar sem jafn réttur lánveitenda undir lánasamningum, kröfuhafa undir öðrum fjármálagningum og skuldabréfaeigenda til trygginganna sem veittar eru af hálfu lántaka á hverjum tíma, sé tryggður.

Með vísan til þess sem að framan greinir hafa aðilar komið sér saman um eftirfarandi:

### 1. SKILGREININGAR

- (a) Skilgreind hugtök sem notuð eru í skjali þessu og ekki eru sérstaklega skilgreind hér skulu hafa sömu merkingu og þeim er gefin í veðhafasamkomulaginu og skulu eiga við um þetta tryggingabréf að breyttu breytanda.



- (i) Nema annað sé tekið fram, skal sérhver tilvísun í þessu skjali til sérhvers aðila fela í sér arftaka hans og heimilaða afsals- og framsalshafa.
  - (ii) Tilvísun í fjármögnunarskjal eða eitthvað annað skjal er vísun í það fjármögnunarskjal eða annað skjal eins og það er með áorðnum breytingum, uppfærslum, útskiptingum eða viðbótum á hverjum tíma.
  - (iii) "eignir" fela í sér eignir, samninga, tekjur og hvers kyns réttindi.
- (b) Eftirfarandi hugtök skulu hafa eftirfarandi merkingu (öll hugtök sem skilgreind eru í kafla 1 eða öðrum ákvæðum þessa tryggingabréfs í eintölu skulu innihalda fleirtölu og öfugt):

**"Vísitala neysluverðs"**

Þýðir íslensk vísitala neysluverðs til verðtryggingar eins og hún birtist opinberlega á vef Hagstofu Íslands;

**"Aðildaryfirlýsing"**

Þýðir yfirlýsing um að gerast aðili að veðhafasamkomulaginu og þessu trygginga-bréfi, samkvæmt því formi sem sett er fram í fylgiskjali 2 við veðhafasamkomulagið;

**"Vanefndatilvik"**

Þýðir það sama og það gerir í veðhafasamkomulaginu;

**"Fjármögnunarskjal"**

Þýðir fjármögnunarskjöl eins og þau eru skilgreind í veðhafasamkomulaginu;

**"Fjármögnunaraðili"**

(a) Lánardrottinn ((eins og hann er skilgreindur í veðhafasamkomulaginu), sem getur verið mismunandi á hverjum tíma eins og gert er ráð fyrir í veðhafasamkomulaginu) sem hefur undirritað aðildaryfirlýsingu að veðhafasamkomulaginu og þessu tryggingabréfi og skilað því inn til veðgæsluaðila; og

(b) Umboðsmenn lánardrottna (e. Facility Agents) eins og þeir eru skilgreindir í veðhafasamkomulaginu;

**"Veðtryggðar kröfur"**

merkir allar fjárkröfur, skuldbindingar og aðrar skyldur í hvaða gjaldmiðli sem er, sem nú eða eftir útgáfu þessa tryggingabréfs verða á gjalddaga eða er ætlað að verða á gjalddaga og greiðast til fjármögnunaraðilanna samkvæmt fjármögnunarskjölunum, þar á meðal, til að koma í veg fyrir vafa, allir vextir, dráttarvextir, verðbætur, kostnaður og aðrar skyldur sem greiðast skulu samkvæmt ákvæðum fjármögnunarskjalanna;

**"Veðtryggðir aðilar"**

Þýðir þeir fjármögnunaraðilar sem hafa undirritað og skilað til veðgæsluaðila útfylltri aðildaryfirlýsingu;

**"Veðgæsluaðili"**

hefur sömu merkingu og skilgreind er í veðhafasamkomulaginu;

"Veðsettar eignir"	þýðir allar eignir sem veðsettar eru samkvæmt kafla 2 í þessu tryggingabréfi;
"Veðtímabil"	þýðir tímabilið sem byrjar á dagsetningu þessa tryggingabréfs og endar á þeim degi sem veðgæsluaðili staðfestir að allar veðtryggðu kröfurnar, sem hafi orðið til, hafi verið gerðar upp að fullu með óskilyrtum hætti, eða (ef fyrr) veðnum sem sett hafa verið hér með, hafi verið aflétt að fullu með óskilyrtum hætti; og
"Veðhafasamkomulagið"	þýðir veðhafasamkomulagið sem veðsalarnir, veðgæsluaðili og lánardrottinn gerðu með sér á svipuðum tíma og þetta tryggingabréf er gefið út á.

## 2. HIÐ VEÐSETTA

Stjórnir veðsalanna staðfesta með undirritun sinni á tryggingabréf þetta að veðsalarnir skuldbindi sig gagnvart veðgæsluaðila, sem umboðsmann fyrir hvern veðtryggðan aðila, til að greiða eða endurgjalda að fullu hinar veðtryggðu kröfur, en höfuðstólsfjárhæð þeirra kemur fram að neðan í samræmi við ákvæðin sem lýst er nánar í fjármögnunarskjölunum.

Sérhver aðili að tryggingabréfi þessu samþykkir að veðgæsluaðili gæti hagsmuna og réttinda hinna veðtryggðu aðila samkvæmt tryggingabréfi þessu á hverjum tíma samkvæmt þeim ákvæðum sem sett eru fram í veðhafasamkomulaginu. Samkvæmt því, nema annað leiði af samhenginu, skulu allar tilvísanir í þessu tryggingabréfi til veðgæsluaðili þýða veðgæsluaðila í hlutverki sínu sem umboðsmanns. Hver aðili að tryggingabréfi þessu samþykkir einnig að hver og einn veðtryggður aðili á hverjum tíma skuli njóta réttinda samkvæmt tryggingabréfi þessu.

**Upphæð í tölustöfum:** Grunnfjárhæð 100,000,000,000 króna auk vaxta, dráttarvaxta, verðbóta með grunnvísitölu neysluverðs 423,1 stig, og alls annars kostnaðar og útgjalda eins og þau eru skilgreind frekar að ofan sem veðtryggðar kröfur.

**Upphæð í orðum:** Grunnfjárhæð eitt hundrað milljarðar króna.

Til að tryggja stundvísa og fulla greiðslu og/eða efndir eða afléttingu hinna veðtryggðu krafna í samræmi við fjármögnunarskjölin, eru eftirfarandi eignir hér með settar að veði til handa veðgæsluaðila, í hlutverki sínu sem veðgæsluaðili og fyrir hönd hinna veðtryggðu aðila, með **fyrsta veðrétti** (nema þar sem annað kemur fram hvað varðar sérstakar eignir á Fylgiskjali A):

### A. VEÐ Í FASTEIGNUM OG REKSTRARVEÐ

Öllum fasteignum í eigu veðsalanna sem tilgreindar eru á Fylgiskjali A við tryggingabréf þetta, í samræmi við kafla II í lögum um samningsveð nr. 75/1997.

Fasteignirnar sem taldar eru upp í Fylgiskjali A skulu allar veðsettar ásamt öllum öðrum réttindum, afsöllum og ávinningi, í nútíð eða framtíð, raunverulegum eða skilyrtum, vegna eigna, birgða, fylgifjár, véla eða annarra tækja í eigu veðsalanna á hverjum tíma og ætluð eru til noktunar í tengslum við rekstur aðstöðunnar eins og nánar er skilgreint í 24. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 (**"Rekstrarveð"**). Veðið skal ná yfir hvaða hluta af tækjum, viðgerðum, byggingum og fylgihlutum, sem komið geta í stað eldri veðsettra hluta eða bygginga.

### B. HLUTIR Í DÓTTURFÉLÖGUM

Öllum hlutum lántaka, núverandi eða framtíðar, í dótturfélögum sínum sem talin eru upp í Fylgiskjali B, eins og nánar er skilgreint í 43. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### **C. VEÐ Í TILGREINDUM FJÁRKRÖFUM**

Öllum núverandi og framtíðar réttindum, afsöllum og hagsmunum af innansamstæðulánnum sem talin eru upp í Fylgiskjali C á hverjum tíma, eins og nánar er skilgreint í 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### **D. HANDVEÐ Í BANKAREIKNINGUM**

Öllum fjármunum og öðrum fjárfestingum (þar á meðan ígildi handbærs fjár) sem standa á hinum veðsettu reikningum á hverjum tíma, þar á meðal öllum vöxtum og öðrum ávinningi þar ofan á og öllum réttindum veðsala í og til hinna veðsettu reikninga og krafna þeirra sem slíkir fjármunir og aðrar fjárfestingar (þar með talið ígildi handbærs fjár) eins og nánar er lýst í bankareikningaveðsamningnum í Fylgiskjali D við tryggingabréf þetta.

Í tengslum við þessa grein 2D, þá hefur “veðsettur reikningur” þá þýðingu sem hugtakinu er gefið í bankareikningsveðsamningnum í Fylgiskjali D.

### **E. HANDVEÐ Í VS-REIKNINGUM**

VS reikningar með verðbréfum á í eigu veðsalanna, núverandi eða framtíðar, sem taldir eru upp í Fylgiskjali D sem slíkir. Slík verðbréf mega einungis vera ríkistryggð verðbréf, svo sem ríkisskuldabréf, húsnæðisbréf Íbúðalánasjóðs og/eða eignarhald í sjóðum sem einungis fjárfesta í ríkistryggðum verðbréfum.

Öll slík verðbréf sem standa á hverjum tíma á hinum veðsettu reikningum, þar með talið allur ávinningur af þeim og öll réttindi og eignarheimildir veðsalanna til hinna veðsettu VS-reikninga og krafna þeirra sem slíkar fjárfestingar fela í sér eins og nánar er lýst í bankareikningsveðsamningnum í Fylgiskjali D við þetta tryggingabréf.

Eignirnar sem vísað er til í málsgreinum A-E hér að ofan (eins og þau kunna að vera uppfærð eða viðaukið á hverjum tíma í samræmi við ákvæði þessa tryggingabréfs og veðhafasamkomulagsins) eru hér eftir nefndar hinar “**Veðsettu eignir**”.

Tryggingabréf þetta tryggir greiðslu, efndir og/eða afléttingu hinna veðsettu krafna á veðtímabilinu.

Ákvæði þessa tryggingabréfs eru hvert og eitt háð ákvæðum veðhafasamkomulagsins, hvers ákvæði standa frammar ákvæðum tryggingabréfs þessa ef um ósamræmi er að ræða þeirra á milli, á meðan að veðhafasamkomulagið er í gildi.

## **3. NÝTING ANDVIRÐIS**

Óháð öðrum ákvæðum þessa samnings, viðurkenna aðilar að þar til veðtímabilinu lýkur, skuli veðgæsluaðili fara með öll réttindi varðandi hinar veðsettu eignir sem veðgæsluaðili (eða tilnefndir aðilar, fulltrúar eða undir-fulltrúar hans, eftir því sem við á) sem umboðsmaður fyrir hina veðtryggðu aðila og allt andvirði hinna veðsettu eigna skal, eftir framkvæmd þeirra úrræða sem hér um ræðir og í kjölfarið á og meðan á vanefndaatviki stendur, ráðstafað til greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum í þeirri forgangsröð sem tilgreind er í veðhafasamkomulaginu.

## **4. RÉTTINDI VEÐSALANNA**

Aðilarnir viðurkenna hér með að öll réttindi og skyldur með tilliti til hinna veðsettu eigna skuli einungis farið með af hálfu veðsalanna (nema þau réttindi og skyldur sem aðrir lánardrottnar kunna að hafa á grundvelli fyrir skráðra forgangsskjala á viðeigandi eignir) nema í því tilvikum að vanefndatilvik hafi komið upp og veðgæsluaðili nýti rétt sinn undir grein 8 í tryggingabréfi þessu.

## 5. ENGIN TAKMÖRKUN RÉTTINDA

Þó veðgæsluaðili eða einhver fulltrúi hans beiti ekki, eða beiti með töf, rétti, valdi eða undanþágu samkvæmt þessum samningi, skal það ekki jafngilda takmörkun þeirra, né heldur skal einstök beiting eða beiting að hluta á slíkum réttindum, valdi eða undanþágu samkvæmt samningi þessum hindra nokkra aðra eða frekari beitingu þeirra eða beitingu annarra réttinda, valds eða undanþága. Úrræði samkvæmt samningi þessum safnast saman og hindra ekki beitingu annarra úrræða sem heimil eru samkvæmt lögum.

## 6. VÁTRYGGINGABÆTUR

Allar vátryggingabætur í tengslum við hinar veðsettu eignir falla, þar sem við á, undir veð það sem veðgæsluaðili hefur samkvæmt samningi þessum.

## 7. VANEFNDATILVIK

Veð það sem veitt er samkvæmt þessum samningi skal verða strax aðfararhæft ef að til koma eitt eða fleiri vanefndaatvik eins og þau eru skilgreind í veðhafasamkomulaginu, og í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins, og á hverjum tíma þar eftir á meðan að vanefndatilvik er enn uppi, og aðfararrétturinn sem lýst er í grein 8 hér fyrir neðan skal án tafar verða virkur um leið og vanefndatilvik á sér stað og á hverjum tíma á meðan að vanefndatilvik er uppi.

## 8. RÉTTINDI OG ÚRRÆÐI

- (a) Ef veðið sem veitt er samkvæmt samningi þessum verður aðfararhæft (í viðbót við önnur réttindi og úrræði sem kann að vera kveðið á um í þessum samningi eða sem kunna annars að vera virk samkvæmt lögum, í eigin fé eða á annan hátt), getur veðgæsluaðili að eigin vild en aðeins í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins, gengið að öllu veðinu eða hluta þess á hvaða hátt sem hann telur henta, sem inniheldur:
  - (i) réttinn til að láta selja hinar veðsettu eignir beint á nauðungarsölu fyrir útstandandi veðtryggðum kröfum án undangengins dóms, samkomulags eða aðfararráðstöfun í samræmi við 6. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991;
  - (ii) rétt til að leysa til sín hinar veðsettu eignir; og
  - (iii) rétt til að láta selja hinar veðsettu eignir í almennri sölu.

Veðgæsluaðili verður þó ávallt að gera það sem í valdi hans stendur til að fá hæsta mögulega verð fyrir hinar veðsettu eignir.

- (b) Ef vanefndatilvik hafa komið upp og eru viðvarandi, getur veðgæsluaðili, eða sá sem hann vísar til, með tilkynningu til veðsalanna, nýtt (í stað veðsalanna) öll réttindi veðsalanna til hinna veðsettu eigna og (sem veðgæsluaðili, eða að vali veðgæsluaðila sameiginlega eða í sitthvoru lagi með veðsölunum) framkvæmt þær skyldur sem á veðsölunum hvíla með tilliti til hinna veðsettu eigna.

## 9. SKYLDUR VEÐGÆSLUAÐILA – VIÐVARANDI ÁBYRGÐ LÁNTAKA

- (a) Réttindi þau sem flytjast til veðgæsluaðila samkvæmt þessum samningi eru eingöngu til að vernda hagsmuni lánardrottnanna undir hinum veðsettu eignum og skulu engar skyldur leggjast á hann um að beita nokkrum slíkum réttindum. Veðgæsluaðili skal engar skyldur bera nema að því marki er viðeigandi lög áskilja eða í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins varðandi einstaka veðsettar eignir eða varðandi það að gera einhverjar nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda réttindum gagnvart fyrri aðilum eða

einhverjum öðrum réttindum sem lúta að einhverjum hinna veðsettu eigna. Hvorki veðgæsluaðili né nokkur annar veðtryggður aðili né stjórnendur þeirra, yfirmenn, starfsmenn, umboðsmenn, fulltrúar, undir-fulltrúar eða tilnefndir aðilar skulu vera ábyrgir fyrir því að ekki sé gengið að einhverri hinna veðsettu eigna eða fyrir einhverri tölvi við að gera slíkt né skal á þeim hvíla skylda til að selja eða ráðstafa með öðrum hætti einhverri hinna veðsettu eigna í samræmi við beiðni veðsalanna þar um eða á annan hátt.

- (b) Óháð hverju sem kann að mæla fyrir um hið gagnstæða í þessum samningi, (i) skulu veðsalarnir vera ábyrgir varðandi veðsettu eignirnar og samkvæmt hverju fjármögnunarskjali sem þeir eru aðilar að, að því marki sem þar er sett fram, fyrir því að inna af hendi allar greiðslur og efna og uppfylla allar skyldur sínar og skuldbindingar í tengslum við það að sama marki og ef tryggingarbréf þetta hefði ekki verið gert, (ii) skal beiting veðgæsluaðila á einhverjum réttindum og úrræðum samkvæmt þessum samningi ekki leysa veðsala undan neinum skyldum sínum eða skuldbindingum samkvæmt fjármögnunarskjölunum eða vegna veðsettu eignanna og (iii) hvorki veðgæsluaðili né neinum veðtryggðu aðilanna skal bera nokkur skylda eða ábyrgð samkvæmt nokkru fjármögnunarskjali, vegna þessa tryggingabréfs, né skal veðgæsluaðili né nokkrum veðtryggðu aðilanna skylt að efna eða fullnægja nokkrum skuldbindingum eða skyldum veðsalanna á grundvelli þess.
- (c) Veðgæsluaðili skal vera ábyrgur fyrir þeim fjárhæðum sem hann raunverulega móttækur í kjölfar þess að hann nýtir rétt sinn, vald eða umboð í kringumstæðum þar sem honum var skylt að gera svo samkvæmt ákvæðum veðhafasamkomulagsins. Hvorki veðgæsluaðili né nokkur starfsmanna hans skal vera ábyrgur, með því að gangast undir eignarhald á einhverjum hinna veðsettu eigna eða nýta á hvaða grundvelli sem er einhvern þann rétt, vald eða umboð eða skyldu með tilliti til hinna veðsettu eigna, fyrir neinu tjóni, skemmdum, ábyrgð eða kostnaði sem af kann að hljóta nema ef það sama hefur komið til vegna ásetnings, stórkostlegs gáleysis eða mistaka við að kalla eftir gögnum (þar sem skylda til þess er undir ákvæðum veðhafasamkomulagsins) eða af hálfu starfsmanna hans.
- (d) Öll ákvæði þessarar greinar skulu eiga við, að breyttu breytanda, um ábyrgð þeirra sem tilnefndir eru, eða annarra aðila sem heimild hafa fengið, til að framkvæma einhverjar þær skyldur eða skuldbindingar, eða nýta allan eða hluta þeirra réttinda, umboða eða vald sem umboðsmaður veðhafa hefur samkvæmt þessu tryggingarbréfi og veðhafasamkomulaginu.

## 10. SKULDBINDINGAR VEÐSALANNA

- (a) Veðsalarnir samþykkja að á hverjum tíma, að fenginni beiðni veðgæsluaðila, og á kostnað veðsalanna, muni veðsalarnir tafarlaust framkvæma og afhenda alla frekari gerninga og skjöl, og grípa til allra frekari aðgerða sem nauðsynlegar kunna að vera eða sem veðgæsluaðili kann að fara fram á af sanngirni, í því skyni að skapa, viðhalda, fullgera eða vernda veðið sem veitt er eða er hugsanlega veitt samkvæmt þessum samningi eða forgang þann sem hlýst af því eða til að gera veðgæsluaðila eða tilnefndum aðilum, fulltrúum eða undir-fulltrúum hans, kleift að beita og framfylgja réttindum sínum og úrræðum samkvæmt þessum samningi, m.a. í tengslum við beitingu á valdi veðgæsluaðila til að selja eða framkvæma hvaða framsal, afsal eða flutning sem er hvaða eigna sem er til hvaða kaupanda eða viðtakanda sem er. Án þess að takmarka almennt gildi framangreinds munu veðsalarnir:
  - (i) ef einhver veðsett eign fær á sig skuldaviðurkenningu eða annan gerning, afhenda og veðsetja veðgæsluaðila til hagsbóta fyrir veðtryggðu aðilana slíka skuldaviðurkenningu eða gerning sem hefur verið tilhlýðilega samþykktur eða hefur sem fylgiskjal tilhlýðilega framkvæmdan framsals- eða afsalsgerning, allt að formi og efni sem er fullnægjandi að sanngjörnu mati veðgæsluaðila;

- (i) afhenda og veðsetja veðgæsluaðila hvaða skjal eða eignarheimild fyrir hinum veðsettu eignum sem er og skal útvega veðgæsluaðila öll veðréttarform og álíka skjöl, fyllilega útfyllt, undirrituð og samþykkt eins og til þarf til að veðgæsluaðili geti fullgilt veðin yfir hinum veðsettu eignum; og
  - (ii) framkvæma og skrá alla þá gerninga, framsöl og tilkynningar eins og kann að vera nauðsynlegt eða æskilegt, eða eins og veðgæsluaðili kann að fara fram á af sannginri, í því skyni að stofna til, viðhalda, fullgilda eða vernda þau veð sem veitt eru, eða er ætlað að veita, samkvæmt þessum samningi.
- (b) Veðsalarnir skulu greiða öll skráningar- og færslugjöld eða endurskráningar og endurfærslugjöld, og allan kostnað samfara framkvæmd og viðurkenningu á tryggingarbréfi þessu, sérhverjum breytingarsamningi við það (þ.m.t. (til að taka af allan vafa) öllum uppfærðum fylgiskjölum eða öðrum gerningum eða skjölum sem uppfæra tryggingabréfið), og öll stimpilgjöld, skatta, tolla, mat og gjöld sem stafa af eða eru í tengslum við framkvæmd og afhendingu tryggingarbréfs þessa, eða einhverjum breytingarsamningi við það og öllum gerningum til frekari tryggingar í tengslum við samning þennan.

## 11. BREYTINGAR Á HINUM VEÐSETTU EIGNUM

Veðsalarnir hafa rétt til þess að gera breytingar á hinum veðsettu eignum sem veðsettar eru undir þessu tryggingarbréfi á hverjum tíma með þeim hætti sem nánar er lýst í þessari grein 11:

- (i) Í tilefni breytinga á hinum veðsettu eignum, hafa veðsalarnir rétt á því að uppfæra tryggingabréf þetta með því að gefa út viðauka við þetta tryggingabréf ásamt uppfærðum Fylgiskjölum við það, sem innihalda lýsingar á þeim atriðum, sem veðgæsluaðili kann með sanngjörnum hætti að gera kröfur til á hverjum tíma eins og tilefni er til, sem breytingarnar felast í (þar með taldar viðbætur) á þeim eignum og/eða hlutum sem talin eru upp á Fylgiskjölum A-E í kafla 2. Viðauki um breytingar á tryggingabréfinu og hin uppfærðu Fylgiskjöl skulu undirrituð af hálfu veðsalanna og veðgæsluaðila;
- (ii) Í hvert sinn sem uppfært Fylgiskjal er gefið út, skulu veðsalarnir afhenda veðgæsluaðila slíka sönnun fyrir undirritunarumboði sínu og krafa kann að verða gerð um af hálfu veðgæsluaðila; og
- (iii) Innan þess skráningartíma sem lög kunna að áskilja á hverjum tíma, sjá um skráningu (eða, ef þess er krafist af veðgæsluaðila, aðstoða veðgæsluaðila við að öðlast skráningu) á hverju uppfærðu Fylgiskjali, ásamt hverju því skjali (skjölum) sem áskilið kann að verða af hálfu veðgæsluaðila og hann telur nauðsynlegt í tengslum við slíka uppfærslu, í viðeigandi sýslumannsembætti á Íslandi, og/eða hverri annari viðeigandi stofnun á Íslandi.

## 12. SKIPUN VEÐGÆSLUAÐILA SEM UMBOÐSMANNS

Veðsalarnir, aðeins með tilliti til veða, skipa hér með veðgæsluaðila með óafturkallanlegum hætti, og sérhvern þann aðila sem hann tilnefnir skriflega, sem umboðsmann veðsalanna (með fullt staðgöngu- og fulltrúavald) með fulla heimild til að koma fram í stað veðsalanna og í nafni þeirra eða með öðrum hætti, á hverjum tíma, og grípa til hvaða aðgerða sem er og framkvæma hvaða gerning sem er sem veðgæsluaðili telur með sanngjörnum hætti nauðsynlegar eða ráðlegar, eða í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins og þessa tryggingabréfs:

- (a) að stofna, viðhalda, fullgera eða vernda veðið sem er ætlað að stofna til með þessu tryggingarbréfi og til að auðvelda beitingu veðgæsluaðila á öllum eða einhverjum þeim

rétti, valdi og ákvörðunarvaldi sem veðgæsluaðili getur beitt í samræmi við og samkvæmt ákvæðum þessa tryggingarbréfs; og

- (b) gera hvað sem veðsölunum er skylt að gera (en hafa ekki gert) samkvæmt þessu tryggingarbréfi; og
- (c) við vanskil, eða í kjölfarið á vanskilum, (á meðan þau eru viðvarandi) að auðvelda innlausn allra eða einhverra hinna veðsettu eigna, þar með talið en þó án takmörkunar við, að óska eftir, krefjast, innheimta, stefna, endurheimta, vaxtareikna, taka við og aflétta og veita staðfestingar fyrir gjaldföllnum fjárhæðum og fjárhæðum sem verða til greiðslu samkvæmt eða í tengslum við hinar veðsettu eignir, að taka við, framselja og innheimta öll skjöl og gerninga, gögn og lausafjarpappíra í tengslum við þær, að leggja fram hvaða kröfur sem er eða grípa til hvaða aðgerða sem er eða hefja hvaða ferli sem er, sem veðgæsluaðili kann að telja nauðsynlegt eða æskilegt að gera vegna innheimtu þeirra eða til að knýja fram fylgni við skilmála og skilyrði þessa tryggingarbréfs, og til að gera og framkvæma alla flutninga og framsöl hinna veðsettu eigna sem seldar eru samkvæmt kafla 8 í þessu tryggingarbréfs.

Veðsalarnir staðfesta hér með allt sem veðgæsluaðili, sem umboðsmaður, gerir sem slíkur. Óháð framangreindu, nema viðeigandi lög áskilja, skal veðgæsluaðila ekki skylt að nýta neinn þann rétt eða skyldu sem umboðsmaður, og skal ekki hafa neinar skyldur við veðsalana í því sambandi.

### **13. AFLÉTTING**

Veðum þeim sem stofnuð eru með þessu tryggingarbréf skal aflétt og öllum skjölum sem veðgæsluaðili geymir sem tryggingu samkvæmt þessu tryggingarbréf, þar með talin skjöl um eignarrétt, skal skilað til veðsalanna við lok veðtímabilsins (eins og það er skilgreint að framan), að beiðni og á kostnað veðsalanna.

### **14. FRAMSAL**

- (a) Veðgæsluaðila er heimilt, eða skal ef aðstæður krefja, framselja og flytja öll réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum til nýs veðgæsluaðila sem skipaður er í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins. Við gildistöku slíks framsals og flutnings, skal hinn nýi veðgæsluaðili vera og teljast koma fram sem umboðsmaður fyrir hvern veðtryggða kröfuhafa (sem og fyrir sjálfan sig) skv. tilgangi þessa samnings, í stað fyrri veðgæsluaðila. Veðsalarnir skulu tafarlaust grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að þetta tryggingarbréf og þau skjöl sem kunna að koma í staðinn fyrir það kveði á um skilvirkt og fullgert veð í þágu hvers nýs veðgæsluaðila sem hefur verið réttilega eða tilhlýðilega skipaður í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulagsins.
- (b) Veðsalarnir skuldbinda sig til að þeir muni ekki nokkurn tíma framselja, flytja, skipta út eða ráðstafa nokkrum réttindum sínum, hagsmunum eða skuldbindingum undir þessu tryggingarbréfi til nokkurs aðila (eða samþykkja að gera neitt af framangreindu) öðruvísi en heimilt er samkvæmt einhverju fjármögnunarskjalanna og/eða veðhafasamkomulaginu.

### **15. RÁÐSTAFANIR**

Veðsalarnir mega ekki selja, flytja eða á annan hátt ráðstafa hinum veðsettu eignum, nema það sé sérstaklega heimilað samkvæmt ákvæðum veðhafasamkomulagsins.

### **16. ENGAR FREKARI VEÐSETNINGAR**

Veðsalarnir skulu ekki stofna til eða leyfa að nokkrar aðrar tryggingar hvíli á neinum hinna veðsettu eigna, aðrar en sérstaklega heimilaðar í veðhafasamkomulaginu, eða með sérstöku samþykki veðgæsluaðila.

## 17. TILKYNNINGAR

Allar tilkynningar eða önnur samskipti samkvæmt eða í tengslum við tryggingabréf þetta skulu vera skriflegar og eins og kveðið er á um í veðhafasamkomulaginu.

## 18. KOSTNAÐUR OG BÆTUR

Veðsalarnir skulu samstundis þegar eftir því er leitað greiða (a) allan kostnað og útgjöld (þ.m.t. lögfræðikostnað) sem falla til innan sanngjarnra marka, í tengslum við samningaviðræður, undirbúning, prentun og undirritun þessa tryggingabréfs og sérhvers annars skjals sem vísað er til í tryggingabréfinu, (b) allan kostnað og útgjöld (þ.m.t. lögfræðikostnað) sem falla til innan sanngjarnra marka í tengslum við samningaviðræður, undirbúning, prentun og undirritun sérhverra uppfærslna eða breytinga á tryggingabréfinu, (c) allan kostnað og útgjöld (þ.m.t. lögfræðikostnað) sem falla til í tengslum við fullnustu, eða við að viðhalda réttindum samkvæmt þessu tryggingabréfi og (d) sérhvern kostnað eða útgjöld vegna sérhverra ráðstafana sem gripið er til í tengslum við verndun og/eða endurbætur á hinum veðsettu eignum.

## 19. FULLTRÚAR

Veðgæsluaðili, eða sá sem hann vísar til, er heimilt að fela öðrum aðila, með skriflegu umboði eða með einverjum öðrum hætti, sérhvern þann rétt, heimild eða ákvörðunarvald sem hann má beita í tengslum við tryggingabréf þetta.

## 20. SKILYRÐISLAUS RÉTTUR

Réttindi veðgæsluaðila samkvæmt þessu tryggingabréfi, veðið sem stofnað er til undir þessu tryggingabréfi og skyldur veðsalanna samkvæmt þessu tryggingabréfi eru óafturkræf, alger og skilyrðislaus, án tillits til:

- (a) lögmætis eða aðfararhæfis hinna veðtryggðu krafna eða einhverra fjármögnunarskjalanna eða einhvers annars samnings eða gernings sem þeim tengjast;
- (b) sérhverrar breytingar á, undanþágu frá, samþykkis eða fráharfs frá, eða skorts á beitingu réttar, úrræðis, heimildar eða undanþágu samkvæmt eða vegna einhvers fjármögnunarskjals eða einhvers annars samnings eða gernings sem því tengist;
- (c) flýtingar gjalddaga einhverra hinna veðsettu krafna eða einhverrar annarrar breytingar á greiðslutíma þeirra eða skorts á fullgerningu einhvers annars veðs sem veitt er til, eða í hag, veðgæsluaðila eða einhverjum öðrum veðtryggðum aðila;
- (d) sérhverrar staðgöngu, afléttingar eða útskiptingu einhverrar annarrar tryggingar fyrir eða ábyrgðar á einhverri veðtryggðri kröfu eða skorts á að stofna, viðhalda, fullgera eða vernda einhverja aðrar tryggingu sem er veitt eða yrði hugsanlega veitt til, eða í hag, veðgæsluaðila eða einhverjum öðrum veðtryggðum aðila; eða
- (e) einhvers annars atburðar eða kringumstæðna svipaðra eða annars eðlis sem gæti annars staðið sem vörn sem veðsalarnir gætu beitt fyrir sig sem veðsali eða ábyrgðaraðili.

## 21. AÐGREINING ÁKVÆÐA



Sérvert ákvæði þessa tryggingabréfs sem teldist óheimilt eða ekki er hægt að framfylgja í einhverju lögsagnarumdæmi, skal í því lögsagnarumdæmi, vera óvirkt að því marki sem því nemur, án þess að það ógildi önnur ákvæði þessa tryggingabréfs og án þess að það hafi áhrif á gildi nokkurs annars ákvæðis í nokkurri annarri lögsögu.

## 22. GILDANDI LÖG OG LÖGSAGA

Tryggingabréf þetta skal lúta íslenskum lögum og vera skýrt í samræmi við þau. Sérhver aðili þessa tryggingabréfs viðurkennir hér með lögsögu Héraðsdóms Reykjavíkur eingöngu.

---

Tryggingabréf þetta er gert í þremur eintökum, einu fyrir veðgæsluaðila, einu fyrir veðsalana saman og einu til afhendingar og skráningar í viðeigandi sýslumannsembætti.

Til staðfestingar og samþykkis á öllu framangreindu, rita veðsalarnir og veðgæsluaðili nöfn sín á tryggingabréf þetta, í viðurvist votta sem til hafa verið kallaðir til þessa.

Reykjavík, 21. nóvember 2014

Fyrir hönd Reita fasteignafélags hf.

[sign]

---

Fyrir hönd Reita I ehf., Reita II ehf., Reita III ehf.,  
Reita IV ehf., Reita V ehf., Reita VI ehf., Reita VII ehf.  
og Reita VIII ehf.

[sign]

---

Fyrir hönd Íslaga ehf. sem veðgæsluaðila

[sign]

---

Fyrir hönd PricewaterhouseCoopers ehf. sem veðgæsluaðila

[sign]

---

Vitni að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði  
ofangreindra aðila:

∴

---

Nafn kt.

---

Nafn kt.

Eftirfarandi eru þýðingar á heitum þeirra Fylgiskjala sem vísað er til í meginefni skjalsins, en efni fylgiskjalanna hefur ekki verið þýtt, enda þar um að ræða töflur og svo form tilkynninga og þess háttar til að láta viðkomandi veðsetningar öðlast það gildi og réttarstöðu sem þau skulu njóta samkvæmt meginefni skjalsins.

FYLGISKJAL A  
Listi yfir fasteignir

FYLGISKJAL B  
Listi yfir hluti í dótturfélögum

FYLGISKJAL C  
Listi yfir innansamstæðulán

FYLGISKJAL D  
Bankareikningaveðsamningur

ÞÝÐING